

Endurlífgunarráð Íslands

Fundur föstudaginn 8. nóvember 2019 haldinn í húsnæði menntadeildar LSH, Skaftahlíð 24.

Fundarmenn: Ármann Jónsson, Ásgeir Valur Snorrason, Elma Rún Ingvarsdóttir, Hjörtur Oddsson, Hlynur Höskuldsson, Hrafnhildur Lilja Jónsdóttir, Sigurbjörg Skarphéðinsdóttir, Valgerður Hermannsdóttir og Þórður Þórkelsson.

Forföll: Guðbjörg Helga Jónsdóttir

Fundargerð ritaði: Hlynur/Elma Rún

DAGSKRÁ FUNDAR:

1. Fundur settur.

Hrafnhildur fundarstjóri og Hlynur/Elma fundarritarar

2. Fundargerð s.l. fundar – yfirferð og samþykkt

Ekkert athugavert og fundargerðin samþykkt

3. 16. Október – hvernig gekk – hvað er að fréttu

Töluverð umfjöllun í fjölmiðlum, gekk vel. Áhersla á „kids save lives“. Búið að kaupa 400 dúkkur fyrir 170 skóla, stutt af fyrirtækjum og heilsugæslunni (?).

4. Samþykkt á nýjum námskeiðsstjóra

Hjörtur Oddsson hefur verið tilnefndur og uppfyllir skilyrði sem námskeiðsstjóri. Hann vikur af fund meðan atkvæðagreiðsla fer fram og samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

5. Fréttir af ráðstefnu og námskeiðsstjórafundi

Hrafnhildur fór yfir fréttir af ráðstefnu og námskeiðsstjórafundi. Margt í gangi, Lúkas, endurlífgun nýbura í vanþróðu löndunum ofl. Öll lönd að auka kennslu í BLS, mörg lönd að bætast inn í, bæði innan og utan Evrópu. Allir að vinna í að koma Börnin bjarga inn í skólakerfið, mismunandi eftir löndum hvernig gengur (einkaskólar vs. ríkisreknir). Hrafnhildur ætlar að senda okkur samantekt af þessu.

6. Fundur í desember – Hjörtur

Hjörtur fer á þennan fund.

7. Söfnun Hjartaheilla – Valgerður

Skv. Valgerði varð smá vandamál varðandi söfnunina og bæklinginn þar sem Hjartaheill er í samstarfi við Sjóvá. Því virðist eins og Sjóvá sé að styrkja „Börnin bjarga“ og þróunarmiðstöð Heilsugæslunnar sem má ekki þyggja styrki. Allt er þetta einn stór misskilningur en er í einhverju ferli. Þannig að það eru hnökror á verkefninu. En í heildina eru komnar 300 þús í söfnunina sem búið er að leggja út ca 12–15 milljónir í.

Hjartastopps verkefni Hjartaheilla átti að safna fyrir hjartastuðtækjum í lögreglubíla á höfuðborgarsvæðinu þar sem þeir eru ekki búnir slíkum tækjum líkt og lögreglubílar á landsbyggðinni.

8. Verkefni vetrarins

a. Heimasíða – hugmyndir af endurlífgun 😊

Vandmál með myndir vegna persónuverndarlaga en Hrafnhildur hefur spurt nemendur um leyfi á námskeiðum. Vantar meira efni á heimasíðuna, ef einhver er að lesa eitthvað spennandi/áhugavert endilega senda Hrafnhildi póst.

b. Leiðbeinendafundur

Hafa árlega, á haustin. Hugsanlegt að þurfi að hafa aukalega á vorin þegar koma nýjar leiðbeiningar á 5 ára fresti.

9. Umræður

Rætt um vandamál á LSH varðandi það að koma **2222** í gagnið sem neyðarnúmeri – vegna þess að eitrunarmiðstöðin er með það númer og því hefur það vafist fyrir mönnum að skipta því út og setja nýtt númer fyrir eitrunarmiðstöðina. Ármann tekur að sér að ganga í málið. Endurlífgunarráð Íslands gerir ályktun þess efnis að hvetja LSH til að breyta þessu númeri. **2222** er númer sem notað er sem neyðarnúmer á sjúkrahúsum um alla Evrópu og hefur nú þegar verið tekið upp á SAK.

Fyrirspurn kom varðandi stuðtækin og að við ætluðum að fá Óla í Donnu til okkar á fund en það vannst ekki tími til þess fyrir þennan fund svo planið er að reyna það fyrir næsta fund í janúar. Reyna fá líka upplýsingar um stuðtæki fyrir næsta fund. Eins að fá Ilmi til að koma á þann fund og fá upplýsingar um stöðu verkefnisins „Börnin bjarga“.

10. Næsti fundur í janúar 2020

11. Fundi slitið